



## Um yfirlýsingar vegna fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár

Þann 1. október n.k. eiga lögmenn að vera búnir að senda stjórn LMFÍ yfirlýsingu um fjárvörslureikninga fyrir árið 2023, með uppgjörstigi 31. desember 2023, í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 77/1998, sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004 og reglugerðar nr. 1192/2005, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl. Yfirlýsingin á að vera staðfest af löggiltum endurskoðanda. Áfast skjali þessu er eyðublað í þessu skyni, sem lögmenn þurfa að senda í frumriti til skrifstofu LMFÍ að Álftamýri 9 á fyrrgreindum fresti.

Staðfesting löggilts endurskoðanda á eyðublaðinu felur ekki sjálfkrafa í sér að fram hafi farið bókhaldsrannsókn eða endurskoðun af hálfu endurskoðand-

ans. Í sumum tilvikum er staðfesting endurskoðandans framhald hefðbundinna bókhalds- og/ eða endurskoðendastarfa í þágu viðkomandi lögmansstofu. Í þeim tilvikum hins vegar, þar sem starf endurskoðandans er eingöngu fólgið í könnun á stöðu fjárvörslureiknings/a í banka og samanburði við stöðu vörslufjár skv. bókhaldi lögmansstofunnar, þurfa af hálfu lögmansstofunnar að liggja frammi nauðsynlegar upplýsingar og gögn svo endurskoðandinn geti í samræmi við starfsskyldur sínar veitt umbeðna yfirlýsingu. Er hér m.a. átt við bankayfirlit um fjárvörslureikningana og útprentanir á réttfærðu, fullfærðu viðskiptamannabókhaldi á uppgjörstigi.

### Fjárvörslureikningar – nokkrar ábendingar.

#### Reglur um fjárvörslur.

Um fjárvörslur lögmanna gildir reglugerð nr. 1192/2005.

#### Aðgreining fjármuna.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum, sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns, aðgreindum frá eigin fé (1. mgr. 23. gr. lögmannalaga, nr. 77/1998, sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004, 1. gr. reglugerðar 1192/2005 og 13. gr. siðareglna LMFÍ).

#### Tilgreining fjárvörslureikningsnúmera.

Greiðslur berast lögmönnum með margvíslegu móti. Það leiðir af framangreindri skyldu um aðgreiningu fjármuna að fjármuni skjólstæðinga á ekki að leggja á rekstrarreikninga lögmansstofa. Því er rétt, þegar krafist er greiðslu fyrir hönd skjólstæðings, að fjárvörslureikningsnúmer sé tilgreint. Þannig er t.d. rétt að tilgreina fjárvörslureikningsnúmer á bréfsefni og öðrum gögnum, eftir því sem við á. Með þessu móti er fjármunum, sem lögmenn taka við fyrir hönd skjólstæðinga sinna, frá upphafi beint inn á fjárvörslureikningana.

#### Tryggingarfé.

Í sumum tilvikum óska lögmenn eftir tryggingu fyrir kostnaði, áður en byrjað er á verki. Þá taka skiptastjórar við tryggingarfé, þegar þeim eru falin opinber skipti dánar- eða þrotabúa. Slíkt tryggingarfé á að leggja á fjárvörslureikninga.

#### Samrekstur lögmanna.

Ef 2 eða fleiri lögmenn reka saman stofu og fjárvörslureikningarnir eru í nafni stofunnar er rétt að allir eigendur hennar undirriti yfirlýsingu um fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár.

#### Innheimtufyrirtæki.

Ef innheimtustarfsemi er rekin í sérstöku fyrirtæki, sem er í eigu lögmans/lögmanna og/eða lögmansstofu/stofa, ber að skila yfirlýsingu um fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár vegna þess reksturs (2. gr. reglugerðar nr. 1192/2005). Sjá einnig reglur LMFÍ um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna.

#### Reglubundið innra eftirlit.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 1192/2005 ber lögmanni á minnst 3ja mánaða fresti að staðreyna að inni-stæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Gögn um afstemmingu ber að varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

#### Litlar eða engar fjárvörslur.

Ef viðskiptamannabókhald á uppgjörstigi sýnir óverulegar eða engar fjárvörslur eru væntanlega að sama skapi óverulegir eða engir peningar inni á fjárvörslureikningi í banka. Samt sem áður þarf að fá staðfestingu löggilts endurskoðanda um að svo sé.

#### Rafrænar undirskriftir.

Yfirlýsingar um fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár má undirrita með rafrænum hætti og skila á netfangið [fjarvorslur@lmfi.is](mailto:fjarvorslur@lmfi.is).

**Skilafrestur yfirlýsinga er til 1. október 2023.**

### Um verðbréfaskrár.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 1192/2005 ber lögmanni, sem varðveitir og hefur umsýslu með verðbréfum fyrir umbjóð-endur sína eða hefur heimild til að ráðstafa verðbréfum, innistæðum á bankareikningum og þess háttar í eigu þriðja aðila, að halda sérstaka skrá um þessi verðmæti.

Á verðbréfaskrá þessa skal færa m.a. skuldabréf, hlutabréf, hlutdeildarskírteini, banka-, sparisjóða- og gíró-reikninga (þ.m.t. yfirdráttarreikninga) og önnur verðmæti, sem fallið geta undir ákvæði 9. gr. Undir verðmæti skv. 9. gr. falla m.a. bankareikningar (tékkareikningar, sparisjóðsbækur o.s.frv.), sem skráðir eru á nafn umbjóð-enda lögmannna (einstaklinga eða lögaðila, þ.m.t. dánar- eða gjaldþrotabúa), sem lögmennirnir hafa heimild til að ráðstafa fjármunum úr.

Skráning í verðbréfaskrá ræðst m.a. af eðli verðbréfanna, tilganginum með vörslum lögmannna á verðbréfunum, þörfum viðskiptamannanna o.s.frv. Í skránni verður þó að minnsta kosti að koma fram hver afhendir lögmanninum verðmætin og hver sé eigandi þeirra, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Væntanlega verður einnig, eðli málsins samkvæmt, að geta tegundar verðbréfanna í skránni. Aðrar gagnlegar (og jafnvel nauðsynlegar) upplýsingar fyrir lögmanninn og viðskiptamanninn eru móttökudagur

verðbréfanna, nafnverð þeirra eða uppreiknað verð á móttökudegi, hvar þau eru geymd (á skrifstofu lögmanns, bankahólf, verðbréfasjóður o.s.frv.), afhendingar- eða söludagur og hverjum afhent.

Fyrir 1. mars ár hvert þurfa lögmennt að senda viðskiptamönnum sínum, sem þeir annast umsýslu fyrir skv. 9. gr., skrá og upplýsingar um verðbréf þessi og fjármunahreyfingar vegna þeirra, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar. Skráin og upplýsingarnar eiga að ná til nýliðins almanaksárs og staðfest með dagsetningu og nafnritun lögmannsins. Afrit þessara gagna varðveitir lögmaðurinn eins og önnur bókhaldsgögn.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 77/1998 sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004, ber lögmönnum, fyrir 1. október ár hvert, að senda stjórn LMFÍ staðfestingu löggilts endurskoðanda um upplýsingar í verðbréfaskrá skv. 9. gr. reglugerðar nr. 1192/2005. Sú skrá, sem endurskoðandinn staðfestir, miðast við þau verðbréf, sem eru í varðveislu og umsýslu lögmanns á uppgjörstugi verðbréfaskrár. Vakin er sérstök athygli á því að uppgjörstugi verðbréfaskrárinnar skv. 9. gr. getur verið annar en uppgjörstugi fjárvörslu-reikninga (sem er yfirleitt um áramót). Er fyrrnefndi uppgjörstugiurinn væntanlega sami dagur og athugun endurskoðandans fer fram, sem getur verið nokkrum vikum eða mánuðum eftir áramót.

## Um bókhald lögmannna o.fl.

### Bókhaldsskylda.

Á lögmönnum, sem öðrum rekstraraðilum, hvíla ýmsar skyldur að því er reksturinn varðar, þar á meðal að halda bókhald. Meginreglan er sú að lögmönnum ber skylda til að halda tvíhliða bókhald um rekstur sinn, hvort sem þeir starfa sem einyrkjar eða í félagi með öðrum lögmönnum (sbr. 1. og 2. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994).

### Tilhögun bókhalds.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningsskilavenjur (sbr. 4. gr. bókhaldslaga).

### Bókhaldsgögn.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum, sem rekja má til viðskiptanna (sbr. 1. mgr. 8. gr. bókhaldslaga, sbr. einnig 2. mgr. 8. gr. um ytri frumgögn og 3. mgr. 8. gr. um innri frumgögn bókhaldsins).

### Færslur í bókhaldi.

Skrá skal í bókhaldi viðskipti jafnskjótt og þau fara fram, enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Færslur sem eingöngu byggjast á rafrænum skjölum skulu skráðar í bókhaldið jafn tryggilega og aðrar færslur. Færslur skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspegla að jafnaði rétta tímaröð viðskipta og annarra færslutílefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa. Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna (sbr. 9. gr. bókhaldslaga).

### Fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi skal færa fjárhagsbókhald (dagbók, hreyfingalista, aðalbók, sbr. 10. gr. bókhaldslaga).

### Viðskiptamannabókhald.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Heimilt er þó að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga (sbr. 1. mgr. 15. gr. bókhaldslaga).

### Efnahagsreikningur.

Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hlutaðeigandi rekstraraðila í lok reikningsársins. Efnahagsreikningur skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok (sbr. 23. gr. bókhaldslaga).

### Rekstrarreikningur.

Rekstrarreikningur skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðuð að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju (sbr. 24. gr. bókhaldslaga).

### Ársreikningar.

Ársreikninga skal fullgera og undirrita eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs (sbr. 3. mgr. 22. gr. bókhaldslaga).

### Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

Allar bækur samkvæmt bókhaldslaga, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjöllum, skal varðveita hér á landi á tryggan og öruggan hátt í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs (sbr. 1. mgr. 20. gr. bókhaldslaga). Ársreikninga skal ætíð varðveita í 25 ár (sbr. 4. mgr. 20. gr. bókhaldslaga).

### Viðurlög o.fl.

Í IV. kafla bókhaldslaga eru ákvæði um hvaða viðurlög liggja við broti á lögnum. Um er að ræða fésektir eða fangelsi í allt að 6 ár, eftir eðli og umfangi brota (sbr. 36. gr. bókhaldslaga).